

Endurgerð núverandi göngustíga á efra svæði í friðlandinu við Gullfoss - lýsing framkvæmda og tengsl við aðrar áætlanir

Umsókn þessi um eftirfarandi framkvæmdir er í samræmi við Lýsingu deiliskipulags á friðlandi við Gullfoss sem liggur fyrir, og deiliskipulagsgerðar á friðlandi við Gullfoss sem er í vinnslu hjá arkitektunum sem koma að hönnun þessari og í samvinnu við Umhverfisstofnun. Í nýju deiliskipulagi er m.a. fjallað um heildarásýnd og framtíðarsýn á friðlandinu með stígagerð og mannvirkjum sem falla vel að ásýnd umhverfisins.
Í uppbyggingu áætlunarinnar er tekið mið af þeirri fjölgun gesta sem þegar er orðin, sem og þeirri fjölgun sem áætlað er að verði í nánustu framtíð. Þá þykir ljóst að mæta verður þeim fjölda með uppsetningu mannvirkja sem annar fjöldanum og til varnar frekari ágangi utan stíga.

Þá er áætlað að auðvelda aðgengi að helstu útssýnisstöðum sem og aðgengi yfir vetrartímann. Núverandi efnisval í stígum er pallaefnið Correct Deck. Í deiliskipulags-tillögunni verður lerki lagt til sem efnisval í stígagerð. Það er viðhaldsfrítt, umhverfisvænt, er náttúrulega fúavarið og fær á sig gráan lit með tímanum sem þykir tóna vel í og við umhverfi friðlandsins. Þá er einnig fjallað um lausnir við útsýnisstaði og handrið til varnar falli gesta þar sem við á. Ryðfrítt stál verður megin uppistaða í efnisvali þar um, sem þykir falla vel að ásýnd umhverfisins. Áþekkt efnisval gætir í staurum á núverandi stikuðu leiðum um svæðið.

Breidd núverandi stíga um svæðið eru um 2m. Þörf þykir á breikkun þeirra, en algengt er að gestir fari utan stígar er þeir mætast þegar mikill fjöldi fer um svæðið. Í deiliskipulaginu er einnig fjallað um afturkræfni áætlaðra framkvæmda og óhjákvæmilegu jarðraski haldið í lágmarki.

Á því svæði sem fyrirhuguð framkvæmd þessi liggur, hefur þegar verið jarðvegsskipt.

Stígagerð á efra svæði friðlandsins við Gullfoss – göngustígur B

Áætlað er að leggja nýjan göngustíg á efra svæði friðlandsins við Gullfoss þar sem þegar hefur verið skipt um jarðveg. Stígur B kemur í beinu framhaldi af stíg A sem þegar hefur fengist framkvæmdaleyfi fyrir og að klöpp fyrir ofan Gullfoss. Lengd stígarins er um 95 m.

B)

Stígurinn liggur þar sem þegar hefur verið jarðvegsskipt. Halli stígarins eru 0° og aðgengilegur öllum. Tveir útsýnispallar eru skilgreindir á stígnum og afmarkaðir með handriðum þar sem fallhætta er fyrir hendi.

Stígur B er í samræmi við ásýnd og efnisval í stíg A, sem þegar hefur verið veitt framkvæmdaleyfi fyrir. Stígurinn verður 2.7 m á breidd. Ofan á stígnum beggja vegna verður kantur svo hindra megi að hjólastólar, barnavagnar og kerrur rúlli fram af. Þá nýtist hann einnig sem leiðarlína fyrir blinda og sjónskerta.

Yfirborðsefni stígarins er lerki. Það inniheldur náttúrulega fúavörn og þar með viðhaldsfrítt. Það tekur einnig á sig gráan blæ með tímanum sem þykir falla vel að umhverfi friðlandsins. Stígur B verður lagður með samsvarandi hætti og stígur A. Burðarþol stígarins tekur mið af þunga snjóruðningstækis (1,5 tonn) sem áætlað er að ryðja muni snjó af stígnum yfir vetrarmánuðina.

EFNISLÝSING:

Undirstöður göngustígs

Steyptar trapisur eru lagðar þvert á útjafnaðan malarstíginn með um 1,5 m billibili. Lengd trapisunnar er 2.6 m. Breiðari hlið trapisunnar 0,21 m snýr niður. Fyllt er upp að trapisum með möl með sama hætti og fyrir er við Sigríðarstíg (stígur með yfirborðsefninu Correct Deck). Sjá nánar teikningar nr. 250-254.

Undirstöður útsýnispalla

Útsýnispallar eru tveir alls og þeir liggja á klöpp hvor fyrir sig. Burðarstoðir eru staðsteyptar einingar sem festar eru í klöppina. Þar ofan á eru lagðir rammar úr stálprófíl 100x100x4 sem fylgja útlínum stígsins. Sjá nánar teikningar nr. 250-254.

Lektur úr gagnvörðu tré

Þvert ofan á trapisurnar, samsíða stígnum, eru lagðir burðarbitar úr gagnvörðu tré, 48 x 155 mm. 5 stk. eru lagðar þvert um hverja trapisu og boltaðir fastir með vinklum í þær.

Á útsýnispöllunum eru lekturnar boltaðar fastar með með vinklum þvert ofan á stálprófílana, með um 60 cm millibili. Sjá nánar teikningar nr. 255-258.

Lerki

Hver bolur (af massífa lerkinu) er 50 mm þykkt og 125 mm á breidd. Hver bolur er lagður þversum ofan á burðarbitana með 5 mm millibili í samræmi við breidd stígarins og skrúfaður fastur. Sjá nánar teikningar nr. 262-265.

Kantur beggja vegna stígarins

Leiðarlína sjónskerta (kantur) er einnig úr massífu lerki, og stærð hans 93 x 50 mm. Hann er boltaður niður í 5mm þykkt flatjárn með millibili, sem einnig hafa það hlutverk að lyftir honum frá yfirborði stígarins. Með því móti er áætlað að framkalla „skuggaröndˮ / litamun í efnisvalinu og kantinn sýnilegri sjónskertum. Fjarlægðin / svifhæð kantsins við yfirborð stígar verður ekki meiri en 5 mm.

Hvíldarbekkir

Hvíldarbekkir eru úr sama efnivið og lerkið á yfirborði stíga. Hver bekkur er staðsettur þannig að hann fylgir legur lerkis. Setflötur er gerður úr Accoya. Accoya er viðar sem hefur fengið umhverfisvæna meðhöndlun, er viðhaldsfrír og endingagóður. Accoya er mýkri en lerkið og það flísast síður upp úr honum sem hentar betur í setfleti. Accoya fær gráan lit með tímanum og tónar saman við lerkið sem og ásýnd þess í umhverfi friðlandsins. Sjá nánar teikningar nr. 268-272.

Handrið

Sem fyrr segir eru tveir útsýnispallar staðsettir á göngustígnum. Á útsýnispalli fyrir miðjum stígarins er handriði komið fyrir þar sem fallhætta þykir vera fram af klettabrún. Handrið er úr ryðfríu stáli. Handriðið er boltaðar niður í HEB-120 bita sem er festur niður í steyptar undirstöður. Handlisti er í 0.9 m hæð, úr Accoya og flatstáli í 1,2 m hæð. Sjónmengun er haldið í lágmarki þar sem ekki er talin þörf á rimlum í flatjárnsrammann.

Á stærri útsýnispalli fyrir enda stígarins eru hvíldarbekkir. Í handriði umhverfis hann þykir þörf á rimlum í flatjárnsrammann. Rimlarnir eru úr ryðfríu stáli og þvermál þeirra 10 mm. Sjá nánar teikningar nr. 268-272.

NR	DAGS.	BREYTING

SKÝRINGAR

MAREY
ARKITEKTAR
Kambur
851 Hella
Ísland
marey@marey-ark.is
+354 776 9313
+354 823 1596

tpz
teiknistofa
Kirkjuvegi 23 900
Vestmannaeyjum
Sími 481-2711
tpz@teiknistofa.is
www.teiknistofa.is

Verkheiti
ENDURGERÐ MANNVIRKJA
Á FRIÐLANDI VIÐ GULLFOSS

Verkefni
GÖNGUSTÍGUR B
YFIRLITSMYND

ÚTG. DAGS	HANNAÐ	VERK.NR
12.06.14	MBG / ES	1302-02
YFIRFARIÐ	TEIKNAÐ	Mælikvarði
BB	MBG	1:200 A1 öll mál í mm
TEIKN. NR	BREYTING	
273		

Samþykkt